

Ed.

229. Frumvarp til laga

[89. mál]

um sérslakt tímabundið vörugjald.

(Eftir 3. umr. í Nd., 18. des.)

Samhljóða þskj. 101 með þessum breytingum:

1. málsl. 1. gr. orðist svo:

Greiða skal í rikissjóð sérstakt vörugjald, skal gjaldið vera 12% á tímabilinu 17. júlí 1975 til 31. desember 1975, 10% á tímabilinu 1. janúar 1976 til 31. ágúst 1976 og 6% á tímabilinu 1. september 1976 til 31. desember 1976 og greiðast af eftirgreindum vöruflokkum.

3. gr. hljóðar svo:

Hið sérstaka vörugjald skal greitt af sölu innlendrar framleiðslu frá og með 17. júlí 1975 að telja og af innfluttum vörum, sem teknar eru til tollmeðferðar frá og með 17. júlí 1975. Hafi innflytjandi fyrir 17. júlí 1975 afhent til tollmeðferðar skjöl, sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, skal varan afgreidd án greiðslu hins sérstaka vörugjalds skv. 1. gr., en þó því aðeins að tollafgreiðslu sé lokið fyrir 27. júlí 1975. Skulu lækkanir á gjaldinu hinn 1. janúar 1976 og 1. september 1976 á sama hátt miðaðar við sölu frá og með greindum dagsetningum ef um innlenda framleiðslu er að ræða og töku til tollmeðferðar frá og með greindum dagsetningum sé um innfluttar vörur að ræða.

Sérstakt vörugjald skal einnig greiða af vörum, sem afhentar hafa verið innflytjendum með leyfi tollyfirvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. 21. gr. tollskrárlaga, nema fullnaðartollafgreiðsla eigi sér stað innan tveggja mánaða frá gildistöku þessara laga. Eigi skal greiða sérstakt vörugjald við tollafgreiðslu af þeim vörum, sem undanþegnar hafa verið tolli skv. heimildum í 3. gr. tollskrárlaga, heimild í 21. gr. laga nr. 11/1975, eða heimildum í sérstökum lögum.

6. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. desember 1976.